



Reykjavík 27. nóvember 2015

**Tilkynning til Kauphallar Íslands:**

**Efni: FÍ fasteignafélag slhf kt. 571212-0210 hefur skrifað undir kaupsamning um kaup á fasteigninni Víkurhvarfi 3 í 203 Kópavogi.**

Í dag var skrifað undir kaupsamning um kaup FÍ fasteignafélags slhf á fasteigninni Víkurhvarfi 3 í 203 Kópavogi. Seljandi er Víkurhvarf 3 ehf. kt. 441208-0730 .

Víkurhvarf 3 er skrifstofu og þjónustuhúsnæði sem er 3.200 fermetrar að stærð .

Kaupverð er 985 mkr og verða fjármögnuð með eigin fé og stækkun á skuldabréfaflokki félagsins FIF 13 01.

Fjárfestingin fellur vel að fjárfestingarstefnu félagsins m.t.t leigutaka og leigutíma.

Leigutakar í Víkurhvarfi 3 eru Menntamálastofnun og ORF Líftækni og er húsnæðið því 100% útleigt. Meðallíftími leigusamninga í fasteigninni eru 9 ár.

Með kaupnum á Víkurhvarfi 3 þá aukast leigutekjur félagsins um 85 mkr á ári og EBITDA félagsins um 16% á ársgrundvelli.

Gert er ráð fyrir að afhending eignarinnar til FÍ verði í byrjun árs 2016.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri FÍ, Örn V. Kjartansson s. 8259000, [orn@fifasteignir.is](mailto:orn@fifasteignir.is)